

## Gjaldskrá skíðasvæðis

**Málsaðili** : Ísafjarðarbær  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 15.02.2016  
**Númer** : 2015120058  
**Flokkur** : 06.43 Skíðasvæði

**Efni** : Á 164. fundi íþróttá- og tómstundaneftndar var starfsmanni falið að skoða gjaldskrár skíðasvæða annarra sveitarfélaga og koma með tillögu við samræmi við önnur sveitarfélög. Undirrituð ræddi málið og þær athugasemdir sem fram hafa komið við svæðisstjóra skíðasvæðisins og er það ljóst að árskort hér eru mun ódýrari en annarstaðar á landinu, einnig eru öll skíðasvæði með vetrarkort á meðan Ísafjarðarbær hefur verið með árskort.

Þegar byrjað var að selja svokallaða súperpassa var tilgangur þeirra m.a. að hvetja íbúa til hreyfingar og auðvelda fólki að nýta þau íþróttamannvirki sem sveitarfélagið væri að reka.

Tillaga undirritaðar og svæðisstjóra er að áfram verði hægt að kaupa árskort í sund en á skíðasvæðið verði tekið upp vetrarkort. Til að koma til móts við þá sem hafa verið að nýta sér súperpassana þá verði hægt að fá afslátt af árskortum númer tvö eigi viðkomandi gilt kort.

Margrét Halldórsdóttir  
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs